



FUNDARGERÐ
1. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 20. júní 2022
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ísleifur Jónasson, Eydís Þ. Indriðadóttir og Klara Viðarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Klara Viðarsdóttir, fjármálastjóri og staðgengill sveitarstjóra.

Eydís Þ Indriðadóttir kom inn sem varamaður fyrir Ingvar Pétur Guðbjörnsson.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs 2022 - 2201036

Rekstraryfirlit janúar til maí

Klara Viðarsdóttir fór yfir rekstur Odda bs.

2. Viðbótar stöðugildi á yngsta stigi - 2205003

Tillaga að viðauka

Stjórnendur Grunnskólans á Hellu hafa óskað eftir að bæta við stöðugildi sérkennara/proskapjálfa fyrir skólaárið 2022-2023 til að mæta þörf á auknum stuðningi við nemendur á yngsta stigi.

Stjórn Odda telur þörf þá því að verða við þessari beiðni og leggur fram tillögu að viðauka 2 við áætlun Odda bs. 2022. Gert er ráð fyrir að launakostnaður Grunnskólans á Hellu hækki um 4,2 mkr árið 2022. Óskað er eftir að viðaukanum verið mætt með auknum framlögum sveitarfélaganna sem skiptast þannig að framlög Rangárþings ytra hækka um 3.510 þús. og framlög Ásahrepps hækka um 690 þús.

Samþykkt samhljóða

3. Skóladagatöl 2022-2023 - 2203085

Auka starfsdagur vegna fræðsludags

Í ljósi niðurstöðu verkefnisins Fræðslustjóri að láni er það mat forstöðumanna Rangárþings ytra og Odda bs. að halda sameiginlegan fræðsludag fyrir alla starfsmenn Rangárþings ytra og Odda bs.

Stjórn Odda bs. samþykkir að Leikskólinn á Laugalandi og Leikskólinn Heklukot bæti föstudeginum 19. ágúst við sem starfsdegi vegna fræðsludags Rangárþings ytra og Odda bs.

Leikskólastjórum falið að kynna starfsdaginn fyrir foreldrum fyrir sumarlokanir.

Samþykkt samhljóða

4. Starfsmannamál - 2206040

Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00.

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Eggert Valur Guðmundsson

Ísleifur Jónasson

Eydís Þ. Indriðadóttir